

## Dagskrá Iðunnar vorið 2023

**Kvæðalagaæfingar**  
miðvikud. 12. apríl kl. 20  
miðvikud. 3. maí kl. 20

**Félagsfundir**  
föstud. 14. apríl kl. 20  
föstud. 5. maí kl. 20

**Söngvaka**  
þriðjud. 17. maí kl. 20:00

Vakin er athygli á því að í apríl verður kvæðalagaæfingin ekki á fyrsta miðvikudegi mánaðarins vegna páska og söngvakans fellur niður þar sem komið verður nálægt landsmótinu.

Félagar eru hvattir til að mæta á sem flesta fundi og ekki gleyma æfingunum og söngvökunum því þar getur fólk kynnst betur innviðum félagsins og sögu. Einnig eru félagar hvattir til að taka með sér gesti því samkomur Iðunnar eru öllum opnar.

**Fundir** eru haldnar í sal Tónskóla Sigursveins í Hraunbergi 2 og **kvæðalagaæfingar** og **söngvökur** í Gröndalshúsi á horninu á Fischersundi og Mjóstræti í Reykjavík.

### Aðrir væntanlegir viðburðir

**Heiðmerkurfundur** Iðunnar verður 15. júní.

**Þjóðlagahátíðin á Siglufirði** verður haldin 5.–9. júlí.

**Haustferðin** verður farin 2. september í nágrenni höfuðborgarinnar.

**Vaka – Þjóðlagahelgi** 15.–17. september. Rímnatónleikar kl. 20:00 á degi rímnalagsins 15. september.

Iðunnarfélagar sem fá þetta fréttablað sent heim eru hvattir til að senda Rósu Þorsteinsdóttur tölvupóst á netfangið [rosat@hi.is](mailto:rosat@hi.is). Þeim verður þá bætt á netfangalista félagsins og fá síðan tilkynningar um viðburði og aðrar fréttir sendar í tölvupósti.



# FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

142. tölublað – 44. árgangur  
Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Mars 2023  
Ábm: Bára Grímsdóttir

### **Landsmót Stemma – landssamtaka kvæðamanna á Hvammstanga 21.-23. apríl 2023**

#### **Dagskrá:**

**21. apríl**, föstudagur: Kl. 20:00 **Kvæðatónleikar í Félagsheimilinu**. Úrvals kvæðafólk kemur fram. Verð 1.000 kr.

**22. apríl**, laugardagur: **Fyrirlestur og námskeið í Nestúni 2-4.**

Kl. 10:00-10:30 Agnar Levy flytur erindi um skáld og hagrýninga úr Vestur-Húnavatnssýslu.

Kl. 10:30-12:30 Kveðskaparnámskeið – Kvæðamenn af Vatnsnesi. Stemmur systkinanna frá Bergstöðum og Jóns Lárussonar. Leiðbeinandi Bára Grímsdóttir með aðstoð Rósu Þorsteinsdóttur.

Kl. 12:30 Hádegisverður í Sjávarborg. Verð 2.850 kr.

Sjávarréttasúpa með hörpuskel, þorski og risarækju. Borið fram með heimabökuðu brauði og smjöri. Kaffi & te er innifalið.

Kl. 13:30-15:30 Þjóðlög sungin í einföldum útsetningum. Leiðbeinandi Linus Orri Gunnarsson Cederborg.

Kl. 15:30 heimsókn að Stöpum á Vatnsnesi til Kjartans Sveinssonar og Maríu Huldar Markan. Þar verður boðið upp á kaffi og með því og kveðið úr rímum eftir Guðmund Bergþórsson. Einnig stansað við minnisvarðann um Guðmund Bergþórsson.

Kl. 19:30 Hátíðarkvöldverður og kvöldvaka í Félagsheimilinu. Verð 5.000 kr. Þorvaldur Björnsson matreiðslumaður sér um veislu með lambahlaðborði og eftirrétti. Skemmtidagskrá með kveðskap og fleiru. Ýmsir félagar Stemma koma fram. Atli Freyr Hjaltason leiðir söngdansa.

**23. apríl**, sunnudagur: Kl. 10:00 Aðalfundur Stemma í Nestúni 2-4.

Kl. 12:00 Hádegisverður í Sjávarborg. Verð 3.950 kr. Þorskur dagsins. Kaffi & te er innifalið.

## Gisting (takið fram að þið séuð að fara á landsmótið):

**Hótel Hvammstangi** – info@hotelhvammstangi.is – s. 8551303,  
Norðurbraut 1, f. 20 manns: 3ja manna herb. tvær nætur 43.000 kr;  
2ja manna herb. tvær nætur 33.000 kr; 1 manns herb. tvær nætur  
24.000 kr. Morgunverður innifalinn.

**Pröstur** – steinihu@gmail.com – s. 7781512, Garðavegur 26, f. 9  
manns: 2ja manna herb. 12.000 kr nóttin; 1 manns herb. 7.000 kr  
nóttin. Morgunverður ekki innifalinn.

**Örn Gíslason** – maria.sig@simnet.is – 894 3459, Hvammstangabraut  
37, kj., f. þrjá: 2ja manna hjónaherb. 12.000 kr nóttin; 1 manns herb.  
7.000 kr nóttin. Örbylgjuofn og ísskápur fyrir gesti. Morgunverður  
ekki innifalinn.

Einnig hægt að panta morgunverð á Hótel Hvammstanga. Verð 1.500.

Fleiri gististaðir í nágrenni: Gauksmýri – gauksmyrighouse@  
gmail.com – 831 1411 (12 manns + fá afslátt) og Ásbyrgi Laugabakka  
– olina@simnet.is – 8928487.

Ef fólk vill borða á Hvammstanga föstudagskvöldið fyrir tónleikana,  
hafið samband við Sjávarborg – info@sjavarborg-restaurant.is, einnig  
er seldur matur í Söluskálanum.

Iðunnarfélagar skrá sig með nafni, netfangi og símanúmeri hjá Þuríði:  
[turgud@gmail.com](mailto:turgud@gmail.com) og þurfa að taka fram hvaða máltíðir þeir vilja  
þ.e. hádegis- og kvöldverð á laugardag og hádegisverð á sunnudag og  
hvort þeir hafi fæðuþol, eru grænmetisætur eða vegan. Þátttakendur  
frá Iðunni verða styrktir af félaginu en upphæð fer eftir fjölda þeirra.

Lokadagur skráningar er **14. apríl**.

## Vorgleði

Sparka barnabörnin  
bolta uppi á holti.  
Sippa, hlaupa, hoppa,  
hjóla út á róló.

Flétta rosafloppan  
fíflakrans og dansa.  
Trampólín er trompið  
í tíma og vorsins rými.

*Sigurlín Hermannsdóttir*

## Kuldavísa

Funi vors er fjarri,  
fjör í sinni dvínar,  
nístings norðan garri  
nagar kjúkur mínar.

*Sigrún Haraldsdóttir*

Brunagaddur klórar kinn  
kólnar blóð í æðum.  
Gott er að eiga gæruskinn  
og gnægð af ullarklæðum.

*Ingólfur Ómar Ármannsson*

Innan tíðar eygi páska  
enn þá strekkist hnútur.  
Jólum þakka og þorra gáska  
að þjálfist mallakútur.

Pó að belti þrengi að miðju  
þá ég seint mun púla.  
Súkkulaðis át við iðju  
eykst mín fagra kúla.

Fullkomnað þið finnið bráðum  
fagurt lag á seggi.  
Léd mun form með ljúfum ráðum  
líkast páskaegg.

*Helgi Zimsen*

## Beðið vors

Enn má bíða betri tíðar  
bráðum líður vetur hjá.  
Í erg og gríð um veröld víða  
vísur smíða skáldin þá.

*Sigurlín Hermannsdóttir*

Lækjarniður hvíslar hærra  
hávær kliður magnar þrótt,  
klakann bryður, brýtur smærra,  
burtu ryður, dag og nótt.

*Höskuldur Búi Jónsson*

## Vísna gáta

Efst á toppi öldu ber  
í öldu strandar fley við sker  
mynstur þurrkubrésið ber  
beinið lemstrað sundur er.

*Sigurlína Davíðsdóttir*

Gul er sinan, grá er jörð,  
grundir vetur klæðir.  
Brátt mun vorið verma svörð,  
vonin hlýju glæðir.

*Höskuldur Búi Jónsson*

## Félagsmál

Allt sem getur afsakað  
að við komum saman  
fram tíðina feugar það  
í félögum er gaman.

*Sigurlína Davíðsdóttir*

## Það fylgir því margt að eiga kött

Ansi sjaldan yrkja má  
eina góða línu,  
lengst af kisan liggur á  
lyklaborði mínu.

*Sigrún Haraldsdóttir*

## Vísur eftir Jón Lárusson (1873– 1959)

Yfir kindum oft ég stóð  
uppi á rindum, hólum.  
Hreyfði í yndi hyggju slóð  
þá herti vindur kuldaflóð.

Mér til stundastyttingar  
stíla mundi nöfnin,  
tvær og hundrað tvennar þar  
tíu fundnar viðbættar.

## Hrútanöfn (sléttubönd)

Hrani, Spakur, Gaukur, Geir,  
Gulur, Fífill, Ljómi,  
Grani, Vakur, Funi, Freyr,  
Frosti, Jökull, Sómi.